

MANIFESTO #actout



Við erum hér og við erum mörg!

Við erum leikarar og skilgreinum okkur meðal annars sem gagnkynhneigð, lesbíur, homma, bí, trans, samkynhneigða, hán og kynsegin.

Hingað til gátum við ekki verið opinská hvað atvinnu okkar og einkalíf varðar, án þess að óttast afleiðingarnar. Oft á tíðum og alveg til dagsins í dag hafa mörg okkar haft reynslu af því að hafa verið leiðbeint af umboðs- eða samstarfsfólki, fólki sem sér um hlutverkaskipan, af framleiðendum, leikstýrum eða leikstjórum og svo framvegis, að halda eigin kynhneigð og sjálfsmynd eins og kyni leyndu, með það fyrir augum að skemma ekki fyrir ferlinum,

Því er nú lokið.

Við tökum nú sameiginlegt skref, úti á meðal almennings, með það að leiðarljósi að skapa okkur sýnileika.

Við erum bæði leikarar sem höfðu hugrekki til "koma út" á eigin vegum, sem og þeir sem eru að því núna. Við erum æfkvæmi, í atvinnugrein þeirra fastgrónu og þeirra ekki fastgrónu. Við höfum alist upp á tíma þegar samkynhneigð var refsiverð og við erum yngri en Elliot Page. Við komum frá þorpi, frá stórborg, við erum með allavega húðlit, fólk með reynslu innflytjenda og fólk með fötlun; við erum ekki einsleitur hópur.

Hingað til hefur því verið haldið fram að ef við erum opinská, hvað viss einkenni persónuleika okkar varðar, eða nánar tiltekið kynhneigð okkar eða kyn, að þá gætum við ekki lengur túlkað viss sambönd eða persónur. Eins og að sýnileiki þeirra væri ósamræmanlegur hæfni okkar að tjá hlutverk fyrir áhorfendur, á sannfærandi og trúverðugan hátt.

Þessi ósamræmanleiki er ekki til.

Við erum leikarar. Við þurfum ekki að vera það sem við leikum. Við þykjumst vera það - það er okkar starf.

Við leikum eiginkonur og fjölskyldufeður, elskendur og stjórnmalamanneskjur, samúðarfullt fólk og ógeð. Og þar að auki leikum við oft persónur, fullar af sannfæringum sem við sjálf myndum aldrei vera sammála. Þannig getum við leikið morðingja, án þess að hafa myrt. Við getum bjargað lífum, án þess að læra læknisfræði. Við getum leikið fólk með annars konar kynferðislegar sjálfsmyndir, heldur en okkar eigin. Og þetta gerum við síðan fyrir löngu, því þetta er okkar starf.

Og þar fyrir utan hafa reynslur síðustu ára sýnt fram á að venjur og gildi innan kvikmynda og þáttaraða iðnaðarins eru að breytast og víkka. Til eru mun fleiri viðhorf en hinnar hvítu gagnkynhneigðu millistéttar, viðhorf og sögur sem teknar eru fagnandi. Fyrir löngu síðan var fjölbreytni samfélagsins viðurkennd í Þýskalandi. En of sjaldan endurspeglast þessi staðreynd í okkar menningarlegu frásögnum.

Samfélag okkar er fyrir löngu tilbúið. Áhorfendur eru tilbúnir.

Atvinnugrein okkar á að standa fyrir samstöðu, og hún á að sýna mynd af samfélaginu í öllum sínum fjölbreytileika.

Við öxlum ábyrgð á frjálsri og opinni samvist og samvinnu og við sýnum samstöðu með öllum sem hefur verið ýtt út í horn vegna staðalímynda og fordæminga, hvort sem það eru fordómar á fólki með fötlun, aldri, kynþætti, stétt eða annars konar misrétti. Þá sýnum við því samstarfsfólki, sem er ekki reiðubúið að taka þetta skref með okkur fulla virðingu.

Og þar að auki er þetta samstaða í verki sem nær út fyrir okkar atvinnugrein og er ákall til allra til þess að styðja við okkur.

Við fögnum öllum nýjum sögum, sem við getum í sameiningu tjáð og túlkað.

Veröldin er að breytast og í henni erum við öll með hlutverk.